

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar vísar til þess að við umfjöllun málsins komu fram ákveðin álitamál í máli gesta og í innsendum umsögnum sem hér verða reifuð. Sér í lagi er um að ræða framlag Íslands til þróunarsamvinnu, stöðu íslenskrar utanríkisþjónustu og framlög til varnarmála.

Almennt.

Gagnsæi er eitt af fimm grunngildum laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, sbr. 6. gr. þeirra. Því kemur á óvart að í fjármálaáætlun sé ekki hægt að sjá hvernig fjármagni er ætlað að skiptast milli einstakra málaflokka hvers málefnasviðs heldur er einungis um að ræða samtölu hvers málefnasviðs. 1. minni hluta er því nokkur vandi á höndum við þetta verkefni, þar sem greinilega skortir hið áður nefnda lögbundna gagnsæi.

Hér á eftir fara ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara í þeim málefnasviðum sem undir utanríkismálanefnd heyra. Af ofangreindum ástæðum verður ekki farið djúpt í öll möguleg efnisatriði heldur einungis tæpt á því helsta.

Utanríkisþjónustan.

Utanríkisþjónusta Íslands gætir hagsmuna Íslands og Íslendinga á erlendri grundu og er einn hornsteinnur þess að Ísland geti talist til sjálfstæðra þjóða með sjálfstæða utanríkisstefnu. Í utanríkisráðuneytinu stendur nú yfir vinna sem snýr að endurskipulagningu á því hvernig utanríkisþjónusta Íslands skuli vera háttað. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var nauðsynlegt að skera talsvert niður á öllum sviðum, en niðurskurðurinn á sviði utanríkismála var einna mestur. Komið hefur fram í umfjöllun nefndarinnar að skorið hafi verið niður í utanríkisþjónustunni um 30% á eftirhrunsárunum. Það er gagnrýnisvert að fjármálaáætlunin geri ekki ráð fyrir að farið verði í uppbyggingu á utanríkisþjónustunni, eins og núverandi aðstæður bjóða sannarlega upp á, og leiðréttur sá niðurskurður sem varð í kjölfar hrunsins.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að fjármagn til utanríkisþjónustunnar verði ekki aukið á tímabilinu. Það þýðir að utanríkisþjónustan mun áfram þurfa að sinna sínu mikilvæga hlutverki á tímum umbreytinga í alþjóðasamfélaginu með takmörkuðu fjármagni. Fyrsti minni hluti nefndarinnar ítrekar mikilvægi þess að gætt verði að því að sendiráð Íslands í London verði nægilega mannað svo tryggt sé að það geti tekist á við það álag sem fylgir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Nauðsynlegt er að sendiráðið sé fært um að tryggja stöðu Íslands í komandi úrsagnarviðræðum. Í því samhengi gagnrýnir 1. minni hluti nefndarinnar að utanríkisráðuneytið hafi ekki fengið fjármagn til þess að manna viðbótarstöðu við sendiráðið í London heldur hafi staðan verið leyst með hrókeringum á kostnað viðveru í Strassborg.

Hvað varðar hagsmunagæslu Íslands á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) þá gagnrýnir 1. minni hluti nefndarinnar að í fjármálaáætluninni standi ekki til að bæta úr hinni þröngu stöðu sendiráðs Íslands í Brussel. Sendiráðið er í senn sendiráð Íslands í Belgíu og

sendiráð Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Á vettvangi EES-samstarfsins þarf sendiráðið að sinna sambærilegri hagsmunagæslu og Norðmenn og verður því að gera þá kröfu að það sé nægilega mannað svo unnt sé að sinna því verkefni svo vel sé. Í því skyni er sláandi að einungis eru 13 stöðugildi í sendiráðinu. Til samanburðar eru 52 starfsmenn á Evrópusambandsskrifstofu Noregs og 7 starfsmenn í sendiráði Noregs gagnvart Belgíu.

Sá þröngi stakkur sem utanríkismálum er búinn í fjármálaáætluninni er ekki í takt við hina jákvæðu stöðu í íslensku efnahagslífi. Nú er tími til að auka framlög og byggja upp utanríkisþjónustuna, sem skorin var niður í kjölfar hrunsins árið 2008. Það er ekki hægt að sjá að í fjármálaáætluninni sé nokkuð gert til að koma til móts við utanríkisþjónustuna svo hún megi sinna skyldum sínum og tryggja hagsmuni Íslands og Íslendinga erlendis. Utanríkisþjónustan hefur raunar staðið sína vakt með stakri þrýði í ljósi þeirra takmörkuðu fjárveitinga sem hún hefur fengið. Hinar miklu sviptingar sem verið hafa í heimsmálunum undanfarin misseri gera það að verkum að full nauðsyn er á að styrkja þær stöðir utanríkisþjónustunnar sem mest hefur mætt á. Nú er rétti tíminn til að auka við starfslíð sendiskrifstofa í Washington, London og Brussel.

Öryggis- og varnarmál.

Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar áréttar að fjármálaáætlunin er langt frá því að vera skýr hvað varðar fjármögnun á stórframkvæmdum og mannvirkjum. Þá er alls óvíst hvort Ísland fái úthlutun úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins til uppfærslu á ratsjárkerfi. Í því sambandi má nefna að ekki er um smáa fjárhæð að ræða heldur er talað um að fjárþörfin sé um þrjár og hálfur milljarður kr.

Þróunarsamvinna.

Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar lýsir yfir áhyggjum af því að í fjármálaáætluninni sé ekki stefnt að því að fylgja þeim markmiðum sem Ísland hefur stutt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki skuli verja sem nemur 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu (VLF) til þróunarsamvinnu. Þess í stað eru framlög bundin við 0,26% af VLF sem samrýmist ekki þeim alþjóðaskuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir og stutt í áraraddir. Markmið fjármálaáætlunarinnar um 0,26% af VLF er skammarlega lágt og íslensku þjóðinni ekki til sóma. Ef vel stæð land eins og Ísland getur ekki stutt betur við þróunarsamvinnu á tímum uppsveiflu og hagvaxtar, hvenær er þá rétti tíminn til þess að gefa í og standa að fullu við hinar alþjóðlegu skuldbindingar? Ef Ísland vill vera þekkt fyrir að standa við orð sín á alþjóðavettvangi hlýtur þetta viðmið að vera endurskoðað. Trúverðugleiki landsins er í húfi. Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar tekur því undir það markmið meiri hluta utanríkismálanefndar um að auka þurfi fjárveitingar til þróunarsamvinnu.

Fyrsti minni hluti utanríkismálanefndar beinir því til fjárlaganefndar að taka til skoðunar ofangreind atriði við vinnslu fjármálaáætlunar fyrir árin 2018–2022.

Alþingi, 5 maí 2017.

Ásta Guðrún Helgadóttir.